

Ásgeir Thoroddsen setudómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Hjalta Geir Kristjánssyni arkitekt og Þorsteini Hjálmarssyni húsgagnasmíðameistara.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefndi, Hólmfríður Snæbjörnsdóttir, aðalstefnanda, Valdimar Þorsteinssyni, kr. 3.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. desember 1966 til greiðsludags.

Í gagnsök skal aðalstefnandi vera sýkn af kröfum aðalstefnda. Málskostnaður í gagnsök og aðalsök fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. október 1971.

Nr. 38/1971.

Ákærvaldið

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Ingvari Róbert Valdimarssyni

(Benedikt Blöndal hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í máli þessu og nokkur ný gögn lögð fram.

Málsatvik að broti ákærða eru skilmerkilega rakin í hinum áfrýjaða dómi og brot ákærða réttilega heimfært til 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ber að staðfesta héraðsdóminn um refsingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi getur, er af hálfu Véla-deildar Sambands íslenskra samvinnufélaga krafizt 30.000.00 kr. skaðabóta af ákærða vegna afnotamissis og kostnaðar við að gera bifreiðina söluhæfa á ný.

Í bréfi bótakrefjanda til lögmanns síns. dags. 24. nóvember 1970, segir m. a.: „Við urðum ekki fyrir neinum beinum

fjárhagslegum töpum af þessu, en viljum ekki, að maður þessi sleppi án þess að greiða einhverjar bætur til okkar vegna skemmda og slits á bifreiðinni og svo vegna þess stórkostlega brots, sem hann framdi.

Það er kannske erfitt að ákveða, hver upphæðin ætti að vera, en okkur, sem höfum um þetta mál fjallað hér í Véladeildinni, finnst ekki ósanngjarnt að fara fram á kr. 30.000.00“.

Í bréfi lögmanns bótakrefjanda, dags. 25. nóvember 1970 til yfirsakadómarans í Reykjavík, er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til að greiða „skaðabætur að fjárhæð kr. 30.000.00 eða aðra upphæð að mati yðar ásamt vöxtum frá 27. ágúst 1970“.

Þá segir enn fremur í bréfi þessu: „Umbj. minn varð reyndar ekki fyrir beinum fjárútlátum vegna athæfis Róberts, en telja má, að bifreiðin hafi lækkað í verði á tímanum, enda var henni ekið ákaflega mikið, meðan hún var í vörzlu Róberts“. Upplýst er þó í málinu, að ekki verði með vissu sagt um, hve mikla vegalengd bifreiðinni var ekið, meðan hún var í vörzlu ákærða, þar eð vegalengdarmælir hennar var bilaður, en ákærði telur sig hafa ekið henni um 500 km.

Hinn 21. desember 1970 seldi Véladeild Sambands íslenzkra samvinnufélaga bifreiðina, og segir m. a. svo í afsali fyrir henni: „Umsamið kaupverð, kr. 170.000.00, greiðir kaupandi þannig:

Kaupandi greiðir kr. 50.000.00 í pen. Eftirstöðvar greiðast kr. 5.000.00 pr. mán. í fyrsta sinn 2. febrúar 1971“.

Þá segir í bréfi bótakrefjanda til sakadómarara, dags. 12. maí 1971: „Við söluverðið er það að athuga, að raunverulegt söluverð var kr. 162.000.00, en vextir, sem reiknaðir voru af láninu, kr. 8.000.00, samkv. samkomulagi við kaupanda, var bætt við.

Eins og áður hefur verið greint frá, byggist krafan um kr. 30.000.00 bætur á eftirfarandi:

Viðgerð og hreinsun	kr. 12.000.00
Áætl. akstur 500 km á 3	— 15.000.00
Vextir	— 3.000.00

Viðgerðin var framkvæmd á verkstæði bíladeildarinnar, sem rekið er sem þjónustustöð fyrir deildina, og eru ekki sundurliðaðir reikningar þar fyrir hvert verk, en verkstjóri verkstæðisins, Magnús Jónasson, mun fúslega gefa nánari skilgreiningu á því, hvað gert var við bifreiðina“.

Að því athuguðu, er nú hefur verið rakið, þykir skaðabótakrafan í máli þessu vanreifuð og eigi nægilega rökstudd, auk þess að eigi var, eins og hér stóð á, leitað nægilegra sannana fyrir kröfunni og ákærða ekki leiðbeint, svo sem efni stóðu til, sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936 og 145. gr. laga nr. 82/1961. Ber því að vísa kröfu þessari frá sakadómi.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar skulu vera óröskuð.

Skaðabótakröfu Véladeildar Sambands íslenzkra samvinnufélaga er vísað frá sakadómi.

Ákærði, Ingvar Róbert Valdimarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. janúar 1971.

Ár 1971, fimmtudaginn 14. janúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 95/1971: Ákærvaldið gegn Ingvari Róbert Valdimarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 3. þ. m., gegn Ingvari Róbert Valdimarssyni, refsifanga í hegningarhúsinu (lögheimili að eigin sögn Þórustígur 12, Njarðvík), fæddum 6. október 1942 í Reykjavík, fyrir skjalafals, framið í Reykjavík í ágúst 1970. Í ákæruskjali er svofelld atvikalýsing og kröfugerð:

„Í þeim mánuði hafði Véladeild Sambands íslenzkra samvinnufélaga, Ármúla 3, til sölu notaða bifreið, R 24948, af gerðinni PMC Gloria, smíðaaár 1966. Sá ákærði bifreiðina, og til þess að komast yfir hana, tók hann það til bragðs að fara hinn 27. ágúst í véladeildina og gefa sig þar fram sem Björn Óskarsson, Dvergasteini í Keflavík, og semja sem slíkur við solumanninn um kaup á bifreiðinni. Var umsamið kaupverð kr. 165.000.00, og ritaði ákærði undir afsalið sem kaupandi nafnið: Björn Óskarsson. Jafnframt gaf ákærði út til handhafa skuldabréf að upphæð kr. 165.000.00, þar sem lofað var greiðslu fjárhæðarinnar í þremur afborgunum, lokagreiðslu 1. nóvember 1971, og var til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls og vaxta skuldarinnar og öllum kostnaði, sem leiða kynni af vanskilum skuldara, veðsett húseignin Dvergasteinn í Keflavík með II. veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir áhvílandi I. veðréttarskuld. Undir veðskuldabréfið ritaði ákærði nafnið: Björn Óskarsson. Með notkun falsskjala þessara náði ákærði bifreiðinni, en þegar upp komst um brot hans, í október, fékk seljandi hana aftur.

Þykir ákærði með framangreindu atferli hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að hann verði dæmdur til refsingar, skaðabóta-greiðslu og til greiðslu sakarkostnaðar“.

Málsatvik.

Hinn 27. ágúst 1970 keypti ákærði notaða bifreið af Véladeild Sambands íslenzkra samvinnufélaga fyrir kr. 165.000.00. Bifreiðina greiddi hann með skuldabréfi að fjárhæð kr. 165.000.00, tryggðu með 2. veðrétti í húseigninni Dvergasteini í Keflavík, og undirritaði ákærði skjalið með nafninu Björn Óskarsson, en það er nafn eiganda umræddrar húseignar. Ákærði kveðst þekkja Björn og hafi sér hugkvæmt að nota nafn hans við bifreiðar-kaupin, en ekkert umboð hafði ákærði frá Birni, og ritaði hann nafn Björns án vitundar hans. Ákærði ritaði einnig nafn Björns til samþykkis á afsal, sem seljandi gaf út við kaupin.

Samkvæmt skuldabréfinu skyldi greiða kr. 100.000.00 af skuldinni hinn 1. marz 1971, kr. 30.000.00 hinn 1. júlí sama ár og kr. 35.000.00 1. nóvember 1971.

Ákærði kveðst hafa ætlað sér að standa við greiðslur samkvæmt samningnum. Hann kveðst einnig hafa ætlað sér að skýra Birni frá nafnrituninni, en ekki hafi hann komið því í verk. Í október komst Björn Jóhann að athæfi ákærða og kærði til lög-reglunnar í Keflavík hinn 27. október. Sama dag náði rann-

sóknarlögreglan til ákærða, er gekkst við broti sínu. Bifreiðin var síðan afhent seljandanum. Af hálfu Véladeildar S. Í. S. hefur þess verið krafizt, að ákærði verði dæmdur til greiðslu fébóta, kr. 30.000.00 ásamt vöxtum frá 27. ágúst 1970, vegna afnotamissis og kostnaðar við að gera bifreiðina söluhæfa á ný. Þessa kröfu hefur ákærði samþykkt.

Niðurstöður.

Ákærði notaði veðskuldabréf með falsaðri nafnritun til þess að blekkja seljanda bifreiðarinnar og undirritaði einnig afsalið með falsaðri nafnritun. Hann hefur þannig brotið gegn 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæru á hendur ákærða fyrir brot gegn 244. og 259. gr. hegningarlaga var frestað skilorðsbundið 2 ár 31. ágúst 1961. Síðan hefur hann sætt þessum refsidómum:

1962 23/7 15 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155., 244., 248. og 250. gr. almennra hegningarlaga.

1963 23/12 18 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155., 244. og 254. gr. hegningarlaga.

1964 14/12 8 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. og 155., sbr. 22. gr. hegningarlaga.

1965 3/12 1 árs fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga.

1968 14/11 3 ára og 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155., 110., 244., 248. og 259. gr. hegningarlaga.

Refsing ákærða verður með hliðsjón af fortíð hans ákveðin fangelsi 15 mánuði.

Taka þykir mega til greina áðurnefnda fjárkröfu, sem ákærði hefur skýlaust samþykkt. Vaxtahæð verður ákveðin 8% á ári.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Ingvar Róbert Valdimarsson, sæti fangelsi 15 mánuði.

Ákærði greiði Véladeild S. Í. S. kr. 30.000.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 27. ágúst 1970 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.